

15. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2017-2018

Mánudaginn 14. maí 2018 kl. 18.00 var haldinn 15. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri, Þorsteinn Thorsteinson meðstjórnandi og Viktoría Jensdóttir varamenn.

Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri var á fundinum.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

1. Erindi sem samþykkt voru á milli funda

Beiðni Chihuahuaeildar um að lengja gildistíma augnvottorða

Stjórn barst beiðni frá Chihuahuaeild um að lengja gildistíma augnvottorða úr 13 mánuðum í 25 mánuði. Stjórn sendi erindið til vísindanefndar sem samþykkti erindið.

Stjórn samþykkir erindi deildarinnar og mælir með því að deildin skoði gildistíma augnvottorða aftur eftir 2-3 ár.

Erindi frá eiganda Labrador retriever tíkar um undanþágu til pörunar

Stjórn barst erindi frá eiganda Labrador retriever tíkar um undanþágu til pörunar en ekki var liðið ár frá síðasta goti við áætlaða pörun tíkarinnar.

Stjórn sendi erindið til umsagnar ræktunarstjórnar Retrieverdeildar og vísindanefndar HRFÍ. Ræktunarstjórn Retrieverdeildarinnar vísaði erindinu til baka en vísindanefnd taldi að ekki væru næg rök til að samþykkja undanþáguna.

Beiðninni er hafnað

Skrifleg ábending vegna netskrifa

Fjöldi ábendinga barst vegna netskrifa milli stjórnarmanns í ræktunardeild og sýningadómara félagsins. Í framhaldi ábendinga tók viðkomandi sýningardómari ummælin af netinu. Stjórn

tók ákvörðun um að senda viðkomandi skriflega ábendingu til samræmis við VIII. kafla reglna og leiðbeininga fyrir sýningadómara.

2. Fundur með fulltrúum ÍSÍ

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Pétur Alan Guðmundsson og Guðný Rut Isaksen funduðu með fulltrúum ÍSÍ á dögnum þar sem ræddir voru möguleikar á því að HRFÍ fengi inngöngu í sambandið. Í ljós kom að félagið þyrfti að uppfylla ýmis skilyrði áður en af slíku yrði. Verði áframhald á þeirri vinnu þarf að fara í gagngerar skipulagsbreytingar svo innganga verði möguleg.

2. Tölvukerfi og fundur með DKK

Fundur var haldinn hjá DKK þann 23. október og í framhaldinu ritaði stjórn erindi um aðgang að tölvukerfi DKK. Stjórn DKK tók erindið fyrir og samþykkti að skoða möguleikann. Herdís Hallmarsdóttir og Guðný Rut Isaksen fóru á fund hjá félaginu í apríl. Á þeim fundi var þeim tilkynnt að Danska hundaræktarfélagið hefði samþykkt að leyfa HRFÍ að taka upp danska tölvukerfið og að þeir byðust til að gera það í þremur skrefum. Fyrst bjóða þeir okkur að taka upp sýningarkerfið. Í öðru skrefi mun svo HRFÍ taka upp tölvukerfið með félagatalinu og í því þriðja, sem er jafnframt það flóknasta, munum við taka upp ættbókarskráningar og heilsufarsskráningar. Vonast er til þess að félagið geti byrjað að nota sýningarkerfið á árinu 2018 ef engar verulegar tæknilegar hindranir verða í veginum.

3. Undirbúningur aðalfundar

Aðalfundur félagsins verður haldinn 17. maí nk. Á fundi stjórnar var farið í gegnum dagskrá aðalfundarins og hann undirbúinn.

4. Önnur mál

Stjórn barst tillaga frá sýningarstjórn um að veita Ástu Maríu Karlsdóttur hringstjóraréttindi sem stjórn samþykkir.

Sýningadómaranefnd HRFÍ lagði til að stjórn staðfesti dómaraéttindi Lilju Dóru Halldórsdóttur á Welsh corgi pembroke og Welsh corgi cardigan. Stjórn staðfestir réttindin og óskar henni til hamingju!

Fundi slitiđ kl. 20.30.